

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grindavíkurbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 13. desember 2006 samþykkt deiliskipulag Norðursvæðis, norðan Hópsbrautar, vesturhluti, í Grindavík.

Skipulagssvæðið afmarkast af Víkurbraut að vestan, opnu svæði að austan, Hópsbraut að sunnan og væntanlegum Suðurstrandarvegi að norðan. Í deiliskipulaginu felst m.a. afmörkun íbúðalóða fyrir allt að 170 íbúðir, í parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Auk þess eru 3 lóðir fyrir verslun og þjónustu meðfram Víkurbraut.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 8. janúar 2007,*

**Pétur Bragason** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2007